

Úr A Treatise of Cosmic Fire:

A U M

Hið mikla ORÐ, sem hljómar öll eitt hundrað ár Brahma og er til sem sveiflutíðni allt sólkerfistímabilið, er hinn helgi hljómur A U M. Stafirnir aðgreindir, eins og þeir heyrast í tíma og rúmi, standa fyrir fyrsta staf undirsetningar sem mynduð er af ýmsum hljómunum. Einn stafur, ásamt fjórum viðbótarhljómunum, myndar sveiflutíðni eða tón Brahma, sem er eðlisþáttur vitsmuna ráðandi í efni. Það er ástæðan fyrir leyndardóminum sem felst í fimmhyrninginum, fimmta eðlisþættinum, huganum, og hinum fimm sviðum mennskrar þróunar. Þegar þessir fimm stafir eru tónaðir í réttri tónhæð veita þeir lausnina að leyndardómi hins sanna innra lífs efnisins, ásamt því að gefa lausnina að stjórnun þess, — en sú stjórn byggist á réttri túlkun á hagkvæmnilögmálinu.

Önnur setning, að þessu sinni sjö stafir, einn fyrir hvern hinna sjö Himnamanna, felur í sér hljóm eða tón Vishnú-þáttarins, formbyggjandans, annars meginþáttar Logossins. Með því að tóna hana í heild sinni eða að hluta, með fullkominni eða ófullkominni endurómun hennar, eru form byggð og aðlöguð. Aðlöðunarlögmálið finnur sér farveg til tjáningar við meðhöndlun efnis og mótun þess í form til afnota fyrir andann.

Þriðja orðið bætist svo við hin tvö, og þá er Orð Logossins fullgert og fullkomnun náð. Þriðja orðið hefur níu stafi sem myndar ásamt hinum tveim hinn tuttugu og einn hljóm (5 + 7 + 9) sólkerfisins okkar. Lokahljómarinn níu framkalla andlega samfjöllun og aðgreiningu anda frá formi. Við höfum samsvörun í vitundarvígslunum níu, þar sem hver vígsla er til marks um sífellt fullkomnari einingu sjálfsins við Al-sjálfið og frekari lausn frá fjötrum efnisins.

Þegar maðurinn hefur öðlast fullkomið heyrnarskyn á öllum sviðum (sem komið er í kring með réttum skilningi á hagkvæmnilögmálinu) þekkir hann þessi miklu Orð eða setningar. Sá sem þekkir Orðin mælir þau fram í sinni eigin sönnu tóntegund og blandar þannig sínum eigin hljómi við heild sveiflutíðninnar. Með því opinberast fyrir honum skyndilega eðlislæg eining hans og þeirra sem mæla fram Orðin. Þegar hljómur efnisins, eða Brahma, klingir í eyrum hans

á öllum sviðunum, gerir hann sér grein fyrir blekkingareðli allra forma og verður frjáls, þar eð hann veit sig alls staðar nálægan. Þegar hljómur Vishnú endurómar innra með honum, veit hann að hann er fullkomnuð viska. Hann greinir tón lífstilveru sinnar (það er tón þess Himnmamanns sem hann tilheyrir) frá heildistónunum og veit að hann býr yfir alþekkingu. Þegar tónn Mahadeva, eða fyrsta meginþáttarins, fylgir í kjölfar hinna tveggja, kennir hann sjálfan sig sem hreinan anda og rennur saman við Sjálfið, eða uppsprettuna sem hann kom frá, við fullkonnun hljómsins. Hugur er ekki til né heldur efni, ekkert er eftir nema Sjálfið runnið saman við úthaf Sjálfsins. Á hverju stigi hlutfallslegrar fullkonnunar verður eitthvert eitt lögmálanna virkt, — fyrst lögmál efnisins, síðan lögmál heildanna og í kjölfar þess fylgir lögmál anda og lausnar.